



Kirkjudagur Kjalarnessprófastsdæmis verður haldinn í annað sinn laugardaginn 24. janúar n.k. í Keflavíkurkirkju.

Á Kirkjudeginum verður boðið upp á 12 fjölbreyttar málstofur, þar sem þátttakendur fá tækifæri til samtals, fræðslu og ígrundunar um líf og starf safnaðanna.

Dagskráin er ætluð öllum þeim sem vilja taka þátt í uppbyggjandi samveru, deila reynslu sinni og sækja innblástur til áframhaldandi þjónustu.

Gott er að hafa í huga orð Páls postula í Fyrri Korintubréfi 12.kafla: „Því að eins og líkaminn er einn og hefur marga limi en allir limir líkamans, þótt margir séu, eru einn líkami, þannig er og Kristur.“

Kirkjudagurinn er vettvangur þar sem við minnumst þess að við erum ólík, með mismunandi köllun og hæfileika, en kölluð saman til þess að vera ein heild. Öflug undirbúningsnefnd hefur lagt mikinn metnað í að hann megi heppnast sem best og á Kirkjudeginum geti hver og einn fundið eitthvað við sitt hæfi. Því viljum við hvetja ykkur til að taka daginn frá og taka þátt í uppbyggjandi samfélagi í prófastsdæminu okkar, sem í gegnum tíðina hefur einkennst af framsækni og samhug.

Verum öll hjartanlega velkomin á Kirkjudag Kjalarnessprófastsdæmis.

Sr. Hans Guðberg Alfreðsson
Prófastur Kjalarnessprófastsdæmis

Skráning á kirkjudaginn og málstofur fer fram á:

<https://form.jotform.com/260043616231344>

Dagskrá

- 9:30 Morgunkaffi
- 10:00 Setning og helgistund
- 10:15 Málstofur I
- 11:15 Málstofur II
- 12:00 Hádegismatur
- 12:30 Kyrrðarbæn í kapellu
- 12:15 Kvikmyndasýning: Til Dyflinnar
- 13:00 Málstofur III
- 14:00 Kynningar
- 14:30 Helgistund
- 15:00 Móttaka í safnaðarheimili Keflavíkurkirkju

Rútuferð

Boðið eru upp á rútuferð frá Mosfellsbæ kl. 8:30, Garðabæ kl. 8:50 og Hafnarfirði kl. 9:00 og til baka þegar dagskrá lýkur

Undirbúningshópur

Í undirbúningshóp Kirkjudagsins 2026 sitja Sveinn Arnar Sæmundsson, Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir, Sara Dögg Eiríksdóttir, Guðlaug Helga Guðlaugsdóttir og Stefán Már Gunnlaugsson.

*Verið velkomin á
Kirkjudag Kjalarnessprófastsdæmis 2026*



Málstofur

Málstofur eru á fjórum stöðum og eru í 45 mín. Gert er ráð fyrir 15 mín hléi á milli málstofa.

I Málstofur / kl. 10:15

Raddþjálfun með Laufeyju - Hvernig komum við í veg fyrir að stífna upp og preytast í söng? Hvernig náum við betri samhljóð í kórnum? Laufey Geirsdóttir söngkennari kemur með æfingar og góð ráð fyrir kórsöngvara.

Staður: kirkja

Sóknarnefnd... og hvað svo? - Sóknarnefndarstarf er mikilvægt leiðtogahlutverk í kirkjunni, en oft fylgja því óljósar væntingar og flókið samspil við starfsfólk og sjálfboðaliða. Í þessari vinnustofu verður fjallað um hlutverk og ábyrgð sóknarnefnda, og hvernig hægt er að byggja upp samstarf, traust og ávinning. Lögð er áhersla á stefnumarkandi sýn, sameiginlegan skilning og praktískar leiðbeiningar. Vinnustofan byggir á kynningu og samtali þátttakenda. Umsjón: Dr. Eypór Ívar Jónsson er sérfræðingur í stjórnun, stefnumótun og stjórnarháttum.

Staður: kennslustofa

Af hverju messupþjórnar? - Til umfjöllunar er hvernig messupþjónusta styrkir flæði messunnar, móttöku kirkjugesta og styður við þátttöku safnaðarins. Rætt verður hvernig markviss messupþjónusta getur orðið einföld leið til að efla helgihald og skapa hlýlegt messuumhverfi. Einnig ræddar leiðir hvernig við getum laðað fleiri til þátttöku og elft þau sem taka þátt með leiðsögn, samfélagi og skýrum ramma. Umsjón: Sara Dögg Eiríksdóttir, kynningar- og fræðslufulltrúi Keflavíkurkirkju.

Staður: minni salur

Kirkjuhópefli - Kenndar verða aðferðir til að efla hópa, einstaklinga og styrkja samvinnu. Unnið verður með æfingar og verkefni sem hægt er að nota í fermingarfræðslu og öðru starfi með börnum og unglingum sem styðja við jákvæða uppbyggingu hópsins. Umsjón: Laufey Brá Jónsdóttir, leikkona og prestur.

Staður: stærri salur

Skapandi söngsmiðja - Fjölbreytt tónlist og aðferðir til flutnings. Umsjón: Arngerður María Árnadóttir, organisti, kórstjóri og deildarstjóri endurmenntunar við Tónskóla þjóðkirkjunnar, kynnir fjölbreytt efni og skapandi leiðir til flutnings.

Staður: kirkja

Vinnustofa: Sjálfbóðaliðastarf með tilgangi - Sjálfbóðaliðastarf er burðarstoð kirkjunnar og samfélagsins, en til að það sé sjálfbært þarf skýrleika, raunhæfar væntingar og gagnkvæma virðingu. Í þessari vinnustofu verður fjallað um hlutverk sjálfbóðaliða, hvernig ábyrgð og frelsi fara saman og hvað stuðlar að því að fólk haldist virkt og upplifi tilgang í starfi sínu. Vinnustofan byggir á kynningu og samtali þátttakenda. Umsjón: Dr. Eypór Ívar Jónsson er sérfræðingur í stjórnun, stefnumótun og stjórnarháttum.

Staður: kennslustofa

Staða kirkjugarðanna í dag, horft til framtíðar - Kreppt hefur að rekstri kirkjugarða jafnt og þétt frá hruni árið 2008 en enn þarf að sinna sömu verkefnunum. Hvernig gengur að fjármagna þessi verkefni og hvað getum við gert til að létta róðurinn? Fjallað verður um allt frá daglegum störfum í kirkjugörðum yfir í að horfa á stóru myndina og hvernig gengið hefur að glíma við stjórnsýsluna sem leggur línurnar í málaflokknum. Umsjón: Ágústa Erlingsdóttir, framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs.

Staður: minni salur

Að tala um sorg við börn? - Viðbrögð barna og unglinga við missi og áföllum og hvernig starfsfólk kirkjunnar getur rætt um sorg og áföll í starfi með börnum og unglingum. Umsjón: sr. Matthildur Bjarnadóttir, prestur og verkefnastjóri Arnarins.

Staður: stærri salur

Nýtt og nýlegt efni fyrir kóra - Helgistund kirkjudagsins undirbúin. Arngerður kennir sálma og sálmaútsetningar úr ýmsum áttum sem við æfum saman fyrir helgistundina.

Staður: kirkja

Hvers vegna þjónandi forysta? - Hvað einkennir þjónandi forystu og hver er ávinningurinn fyrir sóknir að innleiða þjónandi forystu í starfi sínu? Gripið verður niður í ævisögur sr. Braga Friðrikssonar og hr. Karls Sigurbjörnssonar í ljósi hugmyndarinnar um þjónandi forystu. Báðir höfðu þeir víðtæk áhrif á kirkju og samfélag, voru einlægir trúmenn og ríkir af náðargáfum. Umsjón: dr. Skúli Sigurður Ólafsson, prestur, doktor og stundakennari í þjónandi forystu við háskólann á Bifröst.

Staður: kennslustofa

Nýtt merki, ný sýn – ný tækifæri fyrir sóknir - Nýlega setti Þjóðkirkjan í gang kynningarátak þar sem m.a. er lögð er áhersla á gildi fólks. Einnig var sett í loftið ný vefsíða og nýtt merki kynnt. Hefur þessi breyting áhrif á sóknirnar sjálfar? Geta þær nýtt sér þessa breytingu til að efla sitt kynningarstarf? Pipar/Biskupsstofu segir frá þeim hugmyndum sem að baki átaksins liggur. Leópolð Sveinsson, framkvæmdarstjóri Garðasóknar og f.v. markaðsráðgjafi veltir í kjölfarið upp leiðum sem sóknir/kirkjur gætu mögulega nýtt sér í sínu kynningarstarfi.

Staður: minni salur

Kirkja fyrir öll börn sem styður, hlustar og byggir brýr - Hvernig getur kirkjan tekið á móti öllum börnum með ólíkar þarfir, líðan og bakgrunn – og aðlagð fermingarstarf, barna- og unglingastarf og helgihald að þeim? Lögð er áhersla á hlustun, sveigjanleika og skýran ramma sem hjálpar okkur að byggja brýr milli barna, fjölskyldna og kirkjulífs – og skapa samfélag þar sem öll börn eiga sinn stað. Umsjón: Elín Elísabet Jóhannsdóttir, fræðslustjóri Biskupsstofu.

Staður: stærri salur

Kynningarbásar

Hið íslenska biblíufélag er elsta starfandi félag á Íslandi og markmið þess er að vinna að útgáfu, útbreiðslu og notkun Biblíunnar.

Hjálparstarf kirkjunnar starfar að þróunarsamvinna og mannúðaraðstoð á alþjóðavettvangi, aðstoð við fólk í félagslegri neyð á Íslandi, fjáröflun og fræðsla um starfið, gildi þróunarsamvinnu og mannúðar- og mannréttindamál.

Keflavíkurkirkja. Fólk, fjölbreytni og fjölhæfni prýðir Keflavíkurkirkju. Sífelld sköpun á sér stað í safnaðarstarfi. Himnavoðir, hópur kvenna sem vinnur að margvíslegri handavinnu, hafa m.a. handgert bænaklúta fyrir skírnarbörn og hekla bókamerkiskrossa fyrir fermingarbörn. Kærleiksumgjörð um messubjóna er mikilvæg og í upphafi vetrar var gerð handbók messubjónum til stuðnings í starfi og til fróðleiks. Afrakstur alls þessa mun Keflavíkurkirkja leggja á borð á Kirkjudegi Kjalarnessprófastdæmis.

Kirkjumiðstöðin Löngumýri

Kyrrðarbænasamtökin á Íslandi voru stofnuð áðrið 2013 og móðursamtökin heita Contemplative Outreach. Hlutverk samtakanna er að stuðla að útbreiðslu Kyrrðarbænar og annarra íhugunar- og bænaaðferða úr kristinni hugleiðsluhefð ásamt því að veita þeim sem þær ástunda stuðning með bænahópum í kirkjum og á netinu, kyrrðardögum, kennsluefni, námskeiðum, fyrirlestrum o.fl. Þá verður boðið upp á kyrrðarbæn í kapellunni kl. 12:30-13:00.

Njarðvíkursókn býður upp á fjölbreytilegt safnaðarstarf fyrir alla aldurshópa. Samverur barna og unglinga og fyrir foreldra, opið hús með helgistund og léttum hádegisverð. Vinavoðir eru hópur kvenna sem prjóna og hekla fyrir margvíslega handavinnu í þágu samfélagsins. Messubjónastarf er í uppbyggingu auk öflugs kórs Njarðvíkursóknar sem verður kynnt á Kirkjudegi Kjalarnessprófastsdæmis.

Svæðisstjóri æskulýðsmála miðlar og vinnur að aðgerðaráætlunum út frá *Fræðslustefnu Þjóðkirkjunnar* fyrir sóknirnar í prófastsdæmunum á höfuðborgarsvæðinu m.a. með styðjandi ráðgjöf – hvað varðar skipulag í barna- og æskulýðsstarfi og að standa að viðburðum í samstarfi við sambönd og hreyfingar, sem einbeita sér að fræðslu og uppbyggingu fyrir þjóðkirkjuna.

Vinir í bata er hópur fólks sem tileinka sér Tólf sporin sem lífstíl sem bíður upp á sporafundi í ýmsum kirkjum. 12 sporin andlegt ferðalag er fyrir alla. Ekki er gengið út frá því að fólk eigi við nein skilgreind vandamál að stríða, fíkn eða slíkt, heldur er um að ræða tækifæri til sjálfsskoðunar og almenna uppbyggingu til að geta betur tekist á við áskoranir lífsins.

Þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar – Hlutverk fræðslusviðs er að móta stefnu í fræðslumálum Þjóðkirkjunnar. Tilgangurinn er að styðja söfnuði í því að boða kristna trú og vernda og viðhalda almenntri þekkingu á henni. Unnið er samkvæmt fræðslustefnu kirkjunnar en þar er gengið út frá uppbyggilegum og andlega nærandi þáttum kristinnar trúar. Áhersla er lögð á gerð fjölbreytilegs og nútímalegs fræðsluefnis og námskeiða sem nýta má í kirkjustarfi annars vegar og úti í þjóðfélaginu hins vegar.

Kynningar

12:30 Kyrrðarbænaarsamtök Íslands bjóða upp á kyrrðarbæn í kapellunni. Lengd 30 mín.

12:15 Kvikmyndasýning í minni salnum: Til Dyflinnar - Kór Keflavíkurkirkju fer á slóðir U2. Lengd 45 mín.

14:00 Kynning á nýrri heimasíðu og markaðsátaki kirkjunnar starfi og þjónustu Kjalarnessprófastsdæmis í stærri sal. Lengd 30 mín.

Helgistund og móttaka

Helgistundin hefst kl. 14:30 í kirkjunni og þemað er gleði, hvatning og uppbyggilegt samfélag. Almennur safnaðarsöngur verður áberandi og fjölbreytt þátttaka sem flestra verður í forgrunni. Að lokinni messu verður móttaka kl. 15:00 í safnaðarheimili Keflavíkurkirkju þar sem boðið verður upp á léttar veitingar og við munum eiga saman notalega stund.